

## Um gistiskýrslur

Allir sem selja gistipjónustu þurfa að skila Hagstofu Íslands gistiskýrslu mánaðarlega samkvæmt lögum. Í gistiskýrslunni skulu koma fram upplýsingar um gistirými, hvenær árs gististaður er opinn, fjölda gesta og gistinátta. Heimild Hagstofu til að krefjast slíkra upplýsinga er m.a. byggð á 19. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007, en þar segir: „Rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands.“

Eftir að Schengen-samningurinn tók gildi 25. mars 2001 og hefðbundinni talningu farþega til Íslands var hætt er enn mikilvægara en áður að vanda til verka við skýrslugerðina og skila skýrslum á réttum tíma. Athugið að hver gististaður skiptir máli í talningunni, sama hver stærð hans er.

Tilgangur gistináttatalningar er fyrst og fremst að safna upplýsingum sem nýtast

- við skipulagningu á einstökum ferðapjónustusvæðum,
- við skipulagningu í sveitarfélögum,
- við markaðsrannsóknir og
- við útreikninga á tekjum af ferðapjónustu.

Niðurstöður talningarinnar eru birtar árlega í ritröðinni Hagtíðindum sem Hagstofa Íslands gefur út. Einnig eru birtar á netinu mánaðarlegar bráðabirgðatölur um gistinætur á hótelum. Upplýsingarnar eru birtar samandregnar í töflum og yfirlitum og miðast töflugerðin við að þær verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

Móttæknar skýrslur eru með öðrum orðum meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Gistiskýrslur fyrri ára má sjá á vef Hagstofunnar undir kaflanum Útgáfur.

## Samantekt

- Gistiskýrslum er skilað [rafrænt á vef Hagstofunnar](#). Einungis þarf að sækja um notandanafn og aðgangsorð einu sinni á netfanginu [gistiskyrslur\[hjal\]hagstofa.is](#). Með vefskilum flytjast gögn milliliðalaust inn í gagnagrunn Hagstofunnar. Í þessu felst mikið hagræði.
- Þeir sem af einhverjum ástæðum geta ekki notað vefskil eiga þess kost að fylla út eyðublað á PDF-sniði. Athugið að vefskilin eru auðveldari kostur en útfylling eyðublaðsins og mælist Hagstofan til þess að vefskil séu heldur notuð en eyðublaðið.

- Með gestakomum er átt við hve margir gestir koma til þess að gista. Hver gestur kemur aðeins einu sinni en hann getur gisti fleiri en eina nótt. Fyrir gestakomur skal færa inn fjölda þeirra sem koma til þess að gista, en hvern gest skal aðeins telja einu sinni enda þótt hann gisti fleiri en eina nótt.
- Með gistinóttum er átt við hve margar nætur gestir gista. Gistinætur fyrir hvern gest geta því verið ein eða fleiri. Fyrir gistinætur skal því færa, fyrir hvern dag, fjölda þeirra sem gistu óháð gestakomum.
- Útleigð herbergi er dálkur á eyðublaðinu fyrir gistinætur. Þar skal færa fjölda þeirra herbergja sem eru í útleigu viðkomandi dag eða fjölda útleigðra sumarhúsa eða íbúða fyrir þá sem eru að gera skýrslu fyrir sumarhús eða hótélíbúðir.
- Gististaðir eru opnir mislengi frá ári til árs og því er mikilvægt að fá uppgengið a.m.k. einu sinni á ári hvenær gististaðurinn er opin.